

Mánudaginn 10. maí.

Nr. 46/1908:

Jón Jörundsson  
gegn  
Marinó Hafstein.

## D ó m u r:

Mál þetta hefir Jón Jörundsson bóndi á Reykjanesi í Árneshreppi í Strandasýslu með stefnu dags. 7. október f. á. höfðað fyrir landsyfirdóminum a prima instantia samkvæmt tilskipun um stofnun landsyfirréttar á Íslandi 11. júlí 1800, 11. gr., á hendur sýslumanninum í nefndri sýslu, Marinó Hafstein, fyrir það, að hann hafi þrúgvað neitað að bóka merkjadóm, er upp hafi verið kveðinn 11. septbr. 1905 um landamerki milli nefndrar eignar- og ábylisjarðar hans Reykjanes og þjóðjarðarinnar Kjörvogs, og að hann hafi einnig neitað að bóka landamerki þau, er ákveðin hafi verið með nefndum dómi. Krefst stefnandi þess, að stefndi verði skyldaður til að bóka nefndan merkjadóm og merki þau, er sett séu með dómnum — en þessa kröfu á eftir málsútlitun stefnanda að skoða sem aðalkröfu og varakröfu, og aðalkröfuna aftur á þá leið, að stefndi verði dæmdur til að þinglesa og bóka landamerkjadóminn, en varakröfuna, að hann verði skyldaður til að kveða upp dóminn, verði svo álitid, að málið sé enn ódæmt, að hann verði látinn sæta ábyrgð fyrir áminsta réttarsynjun, að hann verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur fyrir tjón það, beint og óbeint, er hann hafi beðið við hana, og allan af máli þessu leiðandi kostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst þess, að málinu verði vísað frá dómi,

en til vara að verða sýknaður af öllum kærnum og kröfum stefnanda, og að sér verði, hvernig sem málið fer, dæmdur hæfilegur málskostnaður hjá honum.

Ástæður stefnda fyrir frávisunarkröfunni eru þær, að ábúanda Kjörvogs hafi eigi verið stefnt, og eigi meðdómendum stefnda í fyrgreindu landamerkjamáli. En af þessum ástæðum er eigi heimild til að vísa málinu frá dómi. Stefnandi hefir í þessu máli eigi krafist neins af ábúanda Kjörvogs og með dómnum verður ekkert ákveðið um landamerki þeirrar jarðar. Á hendur merkjadómendum öðrum en stenda hefir stefnandi ekki heldur gjört neinar kröfur, en álltur, að fyrirstaðan á því að ná rétti sínum stafi að eins frá stefnda, af því að hann hafi neitað að gegna embættisverki, er honum var skylt að inna af af hendi, en hinir merkjadómendurnir eigi enga sök á því. Frávisunarkrafan verður því eigi tekin til greina.

Tildrögum málsins lýsir stefnandi á þá leið, að haustið 1905 hafi hann höfðað landamerkjámál á hendur ábúanda Þjóðjarðarinnar Kjörvogs, Magnúsi Guðmundsyni; hafi menn verið nefndir í merkjadóm, dómurinn ruddur eins og landamerkjalogin mæla fyrir, merkjaganga farið fram 11. septbr. sama ár og sama dag hafi merkjadómurinn verið haldinn að Reykjanesi. Dómendur hafi eigi getað orðið á eitt sáttir; þeir hafi viljað dæma Reykjanesi þrætulandið og lagt fram skrifleg atkvæði í þá átt, en stefndi og annar til hafi viljað dæma Kjörvogi landið. Stefnandi hafi þá krafist, að atkvæði meiri hlutans væri bókað sem dómur í málinu, en stefndi neitað því og sagt, að eigi ætti að bóka dóminn þá þegar, en það yrði gjört á næsta manntalsþingi. Þessu hafi stefnandi trúað og látið sér það lynda, en þegar hann á



næsta manntalsþingi að Árnosi 1906 hafi krafist þess, að merkjadómurinn væri þinglesinn og bókaður, hafi stefndi neitað því, og á manntalsþingi 1907 og 1908 hafi stefnandi ítrekað þessa kröfu og stefndi enn neitað að sinna henni.

Þessa skýrslu stefnanda lýsir stefndi ranga og tilhæfulausa í flestum verulegum atriðum. Hann heldur því fram, að lögleg merkjaganga hafi eigi farið fram 11. sept. 1905, sökum þess, að dimmviðri hafi verið og þoka, að þrír af dómendum hafi verið ölvaðir og eigi fengist til að riða á merki þau, er Kjörvogsbóndi hélt fram, og að fjórði dómandinn hafi horfið frá merkjagöngunni áður en henni var lokið, af því að hann hafi talið hana ófullnægjandi. Stefndi hafi tjáð stefnanda, þegar þeir komu heim að Reykjanesi eftir áreiðina, að merkjagangan væri ógild, og að ný merkjaganga yrði fram að fara, en það mundi eigi geta orðið fyr en um næsta manntalsþing, af því að svo væri orðið áliðið sumars; við þetta hafi stefnandi ekkert athugað; hann hafi ekki krafist bókonar á dómsatkvæði dómsmannanna þriggja, er viðstaddir voru, enda hafi þeir ekki lagt fram neitt dómsatkvæði, og þeir hafi ekki getað það, eða dómur orðið uppkveðinn, af þeirri ástæðu, að stefnandi hafi ekki lagt málið í dóm né lagt fram nein skjöl, og af því að einn dómsmanninn vantaði. Ný merkjaganga hafi þó eigi farið fram, enda hafi stefnandi eigi beiðst þess, og að öðru leyti ekkert gjört til að halda málinu áfram, en þar á móti krafist þess á þremur síðustu manntalsþingum að Árnosi, að dómur um landamerki Reykjaness og Kjörvogs væri þinglesinn og bókaður, en þeirri kröfu hafi eigi verið hægt að sinna, með því að enginn slíkur

dómur hafi verið til. En eftir kröfu varnaraðila hafi verið haldinn réttur í málinu 4. júlí 1907, og einum dómanda verið rutt úr dómnum, en annar nefndur í hans stað, og stefndi þá vikið sæti sem dómari, af því hann þóttist of viðriðinn málið sem umboðsmaður þjóðjarðarinnar Kjörvogs. Stefnandi hafi verið viðstaddur þetta réttarhald og eigi mótmælt því, sem þar fór fram.

Stefnandi heldur því fram, að dómur í landamerkjamálinu hafi f a k t i s k t verið dæmdur að Reykjanesi 11. september 1905, með því að meiri hluti dómendanna hafi látið uppi samhljóða dómsatkvæði. En þó að umsagnir eða álit dómendanna þriggja, samhljóða eftirritum þeim, sem lögð eru fram í yfirdóminum, hefðu komið fram í merkjadóminum, sem þó er ósannað, þá eru þessar umsagnir, er merkjadómendurnir hafa látið uppi hver fyrir sig, eigi samhljóða og eigi rökstuddar, né að öðru leyti svo frá þeim gengið, að dómur í málinu hefði orðið á þeim byggður. Ennfremur er því eigi sérstaklega mótmælt, að einn af merkjadómendunum hafi eigi komið til réttarhaldsins að Reykjanesi eftir merkjagönguna, svo að merkjadómurinn var þá eigi fullskipaður, en það eitt var nægilegt til þess, að löglegur dómur gat eigi gengið í málinu. Þá er því og eigi mótmælt af stefnanda, að dimmviðri hafi verið og þoka áreiðardaginn, svo að dómendur hafi eigi, eins og fyrir er mælt í 10. gr. landamerkjalaganna, getað kynt sér vandlega landsháttu og land það, er málsaðilar gjörðu tilkall til, og að einn af dómendunum hafi fyrir þá sök horfið frá merkjagöngunni. Hún var því eigi lögmæt og gat eigi ráðið neinu um úrslit málsins; ný merkjaganga varð að fara fram, en stefnandi hefir eigi beiðst þess, að aftur yrði gengið



á merkin, enda hefir hann stöðugt verið fastur á því, að málið hafi verið dæmt 11. september 1905, og krafist þess eins af stefnda, að hann læsi og bókaði dóminn á manntalsþingi.

Af framangreindum ástæðum verður eigi álitíð að dómur um landamerki Reykjanes og Kjörvogs hafi gengið, eða eins og málið lá fyrir, getað gengið 11. septbr. 1905, og það verður þá eigi heldur álitíð, að stefndi með því að neita að þinglesa og bóka landamerki nefndra jarða, hafi orðið sekur við stefnanda um réttarsynjun.

Kröfur stefnanda um þinglestur og bókun landamerkjanna og varakrafan um uppsögn dómsins verða því eigi teknar til greina; síðarnefnd krafa meðfram fyrir þá sök, að stefndi hefir vikið dómarasæti í landamerkjamálinu með fyrgreindum úrskurði 4. júlí 1907, sem stefnandi hefir eigi áfryjað. Samkvæmt þessu geta kröfur stefnanda um skaðabætur og ábyrgð á hendur stefnda eigi heldur komið til álita, og ber því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda í þessu máli.

Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Marinó Hafstein sýslumaður á að vera sýkn af kærnum og kröfum stefnanda Jóns bónda Jörundssonar í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.